

3. Fundur

Mánudaginn 30. maí 2022 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 18:30.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Anna María Elíasdóttir, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Hulda Björnsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Stefanía Árdís Árnadóttir og Stefán Jónsson.

Dagskrá:

1. Húsafell.

Kom ósk frá byggingaraðila, Húsafell Hraunlóðir ehf., um að hækka verð vegna hækkunnar aðfanga. Umræður um kosti og galla. Ákveðið var að láta lögfræðing í að semja svarbréf félagsins. Ákveðið var að hafna ósk byggingaraðila.

2. Kröfugerð LÍV.

Farið var yfir kröfugerðina og hún verður kynnt á trúnaðarráðsfundi kl. 20:00

3. Önnur mál.

Hollvinasamtök Sjúkrahússins óska eftir styrk til að kaupa stóla fyrir göngudeild lyflækninga. Samþykkt var að gefa 50.000 kr.

Verkalýðsskólinn samstarfsverkefni ASÍ og Háskólans á Bifraust verður haldinn 2.- 4. september. Stjórnin ákvað að bjóða trúnaðarráði, trúnaðarmönnum, stjórn og starfsfólki á þenna viðburð. Við teljum að þetta námskeið sé gott fyrir alla sem standa að störfum félagsins.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.